



Kosningalög skuggakosninga 2017

I. kafli. Kosningarréttur.

■ 1. gr. Kosningarrétt hafa allir skráðir nemendur í framhaldsskóla (dagskóla) með íslenskan ríkisborgararétt sem fæddir eru 28. apríl 1995 og síðar (þeir sem ekki höfðu náð kosningaaldri í alþingiskosningunum 27. apríl 2013).

II. kafli. Kjördæmi.

■ 2. gr. Kjósendur neyta kosningarréttar síns í því kjördæmi sem þeir stunda nám.

1. Norðvesturkjördæmi.

Fjölbrotaskóli Snæfellinga
Fjölbrotaskóli Vesturlands
Menntaskóli Borgarfjarðar
Menntaskólinn á Ísafirði
Fjölbrotaskóli Norðurlands vestra

2. Norðausturkjördæmi.

Framhaldsskólinn á Húsavík
Framhaldsskólinn á Laugum
Menntaskólinn á Akureyri
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Menntaskólinn á Tröllaskaga
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Verkmenntaskóli Austurlands

3. Suðurkjördæmi.

Fjölbrotaskóli Austur Skaftafellssýslu
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Fjölbrotaskóli Suðurlands
Menntaskólinn að Laugarvatni
Fjölbrotaskóli Suðurnesja

4. Suðvesturkjördæmi.

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
Fjölbrotaskólinn í Garðabæ
Menntaskólinn í Kópavogi
Menntaskólinn í Mosfellsbæ

5. Reykjavíkurrkjördæmi suður

Menntaskólinn við Hamrahlíð
Verzlunarskóli Íslands
Fjölbrotaskólinn í Breiðholti

6. Reykjavíkurrkjördæmi norður

Borgarholtsskóli
Menntaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn við Sund
Kvennaskólinn í Reykjavík
Tækniskólinn
Fjölbrotaskólinn við Ármúla

III. kafli. Kjördeildir.

■ 3. gr. Fjöldi kjördeilda í hverjum skóla ræðst af nemendafjölda á kjörskrá. Í skólum með færri en 500 nemendur á kjörskrá skal vera ein kjördeild. Í skólum með 500-1.000 nemendur á kjörskrá skulu vera tvær kjördeildir og þrjár í skólum með 1.000 nemendur á kjörskrá eða fleiri.

■ 4. gr. Kjördeildir skal tölusetja til aðgreiningar.

IV. kafli. Kjörstjórnir.

■ 5. gr. Kjörstjórnir við skuggakosningar skulu vera þrennskonar:

- A. Landskjörstjórn samanstendur af fimm fulltrúum. Stjórn Landssambands ungmennafélaga skipar tvo, stjórn Sambands íslenskra framhaldsskólanema tvo og stjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta einn.

- B. Yfirkjörstjórn skal vera skipuð í hverjum skóla. Í henni skulu vera fjórir nemendur og einn kennari. Í yfirkjörstjórn sitja lýðræðislega kjörnir fulltrúar nemenda (svo sem úr nemendafélagi eða því félagi sem við á í hverjum skóla) eða nemendahópur skipaðir af skólastjórnendum. Verði þeir sem gefa á sér kost ekki sjálfkjörnir kjósa meðlimir stjórnar nemendafélagsins á milli þeirra í leynilegri atkvæðagreiðslu. Skólastjóri eða staðgengill hans skal skipa kennara í yfirkjörstjórn. Yfirkjörstjórn kys sér oddvita og skal vera fullskipuð eigi síðar en 6. október.
- C. Í hverri kjördeild skal vera ein kjörstjórn sem skipuð skal af yfirkjörstjórn innan hvers skóla í samræmi við 3. gr. þessara laga. Í hverri kjörstjórn skulu vera fjórir nemendur. Yfirkjörstjórn skal auglýsa eftir sjálfboðaliðum til að mynda kjörstjórnir. Heimilt er að skipta um kjörstjórnir eins oft og þurfa þykir yfir kjördaginn. Skulu þeir sem fyrst gefa kost á sér fá sæti í kjörstjórn þar til kjörstjórnir hafa verið fullmannaðar allan kjörfundinn. Skal hver kjörstjórn kjósa sér oddvita.

V. kafli. Kjördagur.

■ 6. gr. Yfirkjörstjórn hvers skóla skal auglýsa hvar og hvenær skuggakosningar fara fram í síðasta lagi þann 9. október 2017.

■ 7. gr. Kjördagur skal vera fimmtudagurinn 12. október.

VI. kafli. Kjörskrár.

■ 8. gr. Þegar boðað hefur verið til skuggakosninga skulu skólastjórnendur eða staðgenglar þeirra senda landskjörstjórn upplýsingar um fjölda nemenda á kjörskrá í samræmi við 1. gr. þessara laga. Þá skulu skólastjórnendur útbúa nemendalista með nöfnum og kennitölum og afhenda yfirkjörstjórn á rafrænu formi þegar hún hefur verið skipuð. Skal yfirkjörstjórn útbúa kjörskrár á grundvelli nemendalistanna og skipta þeim upp í samræmi við 3. gr. þessara laga um fjölda kjördeilda.

■ 9. gr. Óheimilt er að breyta kjörskrá. Yfirkjörstjórn er þó heimilt að yfirfara kjörskrá til að tryggja að hún sé samkvæmt lögum. Yfirkjörstjórn skal tilkynna landskjörstjórn um leiðréttingar á kjörskrá í þeim tilvikum.

VII. kafli. Kjörgögn

■ 10. gr. Landskjörstjórn útbýr rafræn kjörgögn fyrir skuggakosningar sem hver skóli nálgast á egkys.is og prentar út viðeigandi eintök fyrir yfirkjörstjórn og kjörstjórnir. Þau gögn eru:

1. Sérprentun laga þessara.
2. Handbók um framkvæmd skuggakosninga 2017.
3. Kjörbók.
4. Uppgjörsblað.

■ 11. gr. Landskjörstjórn útbýr kjörgögn og kemur þeim til yfirkjörstjórna hvers skóla. Sending kjörgagna inniheldur:

1. Kjörseðla. Landskjörstjórn skal varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér og fullgerir ekki fleiri seðla en sendir eru á yfirkjörstjórnir. Hver skóli fær flokkaða kjörseðla eftir kjördeildum.
2. Umslög. Hverri kjörstjórn skal fengin tvö umslög merkt skóla og kjördeildarnúmeri. Af þeim umslögum skal annað vera merkt „Ónýtir seðlar“ og hitt „Afgangsseðlar“.
3. Kjörkassa fyrir hverja kjördeild. Kassarnir skulu merktir skóla ogkjördeild.
4. Framboðslista þar sem fram koma heiti stjórnámálflokka og listabókstafir í sömu röð og á kjörseðli.
5. Blýanta.
6. Innsigli.
7. Poki fyrir umslög.

■ 12. gr. Yfirkjörstjórn afhendir kjörstjórnnum kjörskrár flokkaðar eftir kjördeildum eins og 8. gr. þessara laga kveður á um.

VIII. kafli. Kjörstaðir.

■ 13. gr. Í hverjum skóla skal vera einn kjörstaður. Yfirkjörstjórn ákveður staðsetningu kjörstaðar og hagræðir staðsetningu kjördeilda í samræmi við 3. gr. þessara laga. Heimilt er að hafa fleiri en eina kjördeild í sama rými.

■ 14. gr. Á kjörstað skal festa upp framboðslista og kosningaleiðbeiningar.

■ 15. gr. Yfirkjörstjórn skal vera til staðar á meðan kjörfundi stendur og hafa með honum eftirlit. Einn fulltrúi yfirkjörstjórnar, hið minnsta, skal vera á kjörstað til aðstoðar og til að vísa kjósendum í réttar kjördeildir.

■ 16. gr. Í hverri kjördeild skal útbúa rými þar sem hæfilega margir kjósendur geta greitt atkvæði leynilega. Rýmið skal hafa borð sem skrifa má við og vera þannig að aðrir geti ekki séð hvað kjósandi kýs.

■ 17. gr. Í hverri kjördeild skal vera kjörkassi í augnsýn kjörstjórnar og staðsettur þannig að kjósendur geti auðveldlega gengið að honum og yfirgefið kjördeild.

IX. kafli. Opnun kjörstaða.

■ 18. gr. Yfirkjörstjórn útbýttir kjörgögnum samkvæmt 10. og 11. gr. þessara laga til kjörstjórna. Skal þess gætt að öll gögn hafi verið afhent og að handbók um framkvæmd skuggakosninga sé framfylgt í uppsetningu kjördeilda og undirbúningi atkvæðagreiðslu.

■ 19. gr. Yfirkjörstjórn skal gæta þess að atkvæðakassar séu tómir áður en atkvæðagreiðsla hefst.

IX. kafli. Atkvæðagreiðsla.

■ 20. gr. Kjörfundur skal hefjast á kjörstað kl. 09:00 og skal fullskipuð kjörstjórn vera viðstödd. Sé hún ekki öll viðstödd taka varamenn sæti.

■ 21. gr. Meðan á kjörfundi stendur skal kjörstjórnin sitja við borð í kjörfundarstofunni. Ekki má nema einn úr kjörstjórn vera fjarverandi í senn og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan nema varamaður sé tiltækur.

■ 22. gr. Hinir kjörstjórnarfulltrúarnir tveir skulu hafa hvor sitt eintak kjörskrárinnar. Skulu þeir merkja við nafn hvers kjósenda eftir að oddviti hefur tekið við skilríkjum. Oddviti afhendir kjörseðil og merkir við prikblað.

■ 23. gr. Kjósendur skulu greiða atkvæði í þeirri röð sem þeir gefa sig fram.

■ 24. gr. Kjörstjórn getur ákveðið að í kjörfundarstofu séu ekki aðrir en kjörstjórnendur og kjósendur sem ætla að greiða atkvæði. Kjörstjórnin getur auk þess takmarkað fjölda kjósenda í kjörfundarstofu ef þörf þykir.

■ 25. gr. Yfirkjörstjórn skal sjá til þess að á kjörstað, í skólanum sem og utan hans fari hvorki fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar kosningu.

■ 26. gr. Kjósandi skal framvísa persónuskilríkjum eða gera grein fyrir sér á annan hátt. Ef kjósandi er á kjörskrá skal afhenta honum kjörseðil. Ef kjósandi er ekki á kjörskrá skal yfirkjörstjórn aðstoða kjósandann við að finna sína kjördeild.

■ 27. gr. Einungis þeim sem eru á kjörskrá má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði nema þeim sem hafa þegar greitt atkvæði.

■ 28. gr. Þegar kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum fer hann þangað sem hann getur kosið leynilega og við borð. Á borðinu skulu vera ekki færri en þrjú yddaðir blýantar með strokleðri.

■ 29. gr. Kjósandi greiðir atkvæði með því að merkja með blýanti, kross í ferning fyrir framan bókstaf þess lista á kjörseðlinum sem hann vill kjósa. Kjósandi gætir þess að gera engin önnur merki á kjörseðilinn.

■ 30. gr. Þegar kjósandi hefur kosið skal hann brjóta saman kjörseðilinn með þeim hætti að prentaða hliðin snúi inn. Kjósandi skal gæta þess að enginn geti séð hvernig hann greiddi atkvæði. Þá gengur kjósandinn að kjörkassanum og leggur seðilinn í kjörkassann í viðurvist kjörstjórnar.

■ 31. gr. Ef kjósandi gerir kjörstjórn grein fyrir að hann geti ekki kosið vegna sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá úr kjörstjórninni er kjósandi talar við veita kjósenda aðstoð við að greiða atkvæði, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti. Um aðstoðina skal skrá í kjörbók að tilgreindum ástæðum samkvæmt handbók um framkvæmd skuggakosninga. Aðstoð skal aðeins veita geti kjósandi sjálfur skýrt ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt.

■ 32. gr. Óski kjósandi af einhverjum ástæðum eftir að fulltrúi, sem hann hefur valið sjálfur, aðstoði hann við að greiða atkvæði er yfirkjörstjórn heimilt að verða við ósk kjósendans geti hann sjálfur tjáð vilja sinn óþvingað. Geti kjósandi ekki tjáð vilja sinn skal heimila fulltrúanum að aðstoða kjósandann án leyfis forráðamanna eða viðeigandi

vottorði sé kjósandinn sjálfráða, þar sem staðfest er að kjósandi hafi sjálfur valið fulltrúa sér til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna. Um aðstoðina skal skrá í kjörbók að tilgreindum ástæðum. Fulltrúi kjósanda er bundinn þagnarheiti og er óheimilt að gerast fulltrúi annars kjósanda.

■ 33. gr. Láti kjósandi sjá hvað hann hefur kosið er seðillinn ónýtur og er ekki heimilt að setja hann í kjörkassann. Ef slíkt gerist eða ef kjósandi hefur meðhöndlað seðilinn á þann hátt að líklegt er að hann verði ógildur á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni ónýta seðilinn í skiptum fyrir nýjan.

■ 34. gr. Þegar kjósandi hefur látið seðilinn í kjörkassann víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

■ 35. gr. Kjörstjórnnum er heimilt að slíta atkvæðagreiðslu ef allir sem á kjörskrá eru í þeirri kjördeild hafa greitt atkvæði. Kjörstjórn skal tilkynna lok atkvæðagreiðslu til yfirkjörstjórnar, ljúka við að fylla út kjörbók og yfirkjörstjórn gengur síðan frá kjördeildinni samkvæmt handbók um framkvæmd skuggakosninga.

■ 36. gr. Kjörfundi skal slíta kl. 16:00 en eigi síðar en kl. 17:00 ef yfirkjörstjórn metur kjörsókn þannig. Þeir kjósendur sem gáfu sig fram fyrir þann tíma, eiga rétt á að greiða atkvæði eftir kl. 17:00 þar til að röðin klárast.

■ 37. gr. Þegar kjörfundi er slitið skal oddviti kjörstjórnar ganga frá í sér merkt umslag öllum þeim seðlum sem ónýst hafa, og í annað umslag öllum þeim seðlum sem afgangss eru ónotaðir.

■ 38. gr. Því næst skal oddviti yfirkjörstjórnar ljúka við að fylla út kjörbækurnar. Þá skal hann setja kjörbók í kjörkassan og umslögin með ónotuðum og ógildum kjörseðlum í pokann. Því næst skal hann setja innsigli yfir kjörseðlarauf á kjörkassa. Þannig skal ekki vera hægt að bæta við kjörseðlum eða nálgast kjörgögnin án þess að fjarlægja innsiglið.

■ 39. gr. Eftir að yfirkjörstjórn hefur gengið frá kjörgögnum skal hafa eftirlit með þeim og tryggja frá óviðkomandi aðilum.

■ 40. gr. Oddviti yfirkjörstjórnar ber ábyrgð á að öllum kjörgögnum verði komið til landskjörstjórnar svo fljótt sem auðið er.

X kafli. Kosningaúrslit.

■ 41.gr. Landskjörstjórn skipar talningarteymi og skulu fulltrúar þess koma úr stjórnnum Sambands Íslenskra framhaldsskólanema og Landssambandi ungmennafélaga. Skal landskjörstjórn með nægum fyrirvara auglýsa stund og stað þá er hún komi saman til atkvæðatalningar.

■ 42.gr. Landskjörstjórn opnar kjörgögnin eftir að öllum viðstöddum hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að ekki hafi verið reynt að fjarlægja innsiglin. Landskjörstjórn skal kanna hvort tala kjósenda, sem greitt hafa atkvæði samkvæmt kjörbókum kjörstjórna, sé í samræmi við afhenta atkvæðaseðla og skráðar athugasemdir kjörstjórna. Þegar hver kjörkassi í hverju kjördæmi er opnaður skal kjörseðlunum hellt í tómt ílát óskoðuðum og þeim blandað saman.

■ 43.gr. Kjörseðlar skulu síðan teknir úr ílátinu, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn landskjörstjórnar.

■ 44.gr. Atkvæðin skulu skipt eftir kjördæmum, flokkuð eftir framboðum og talin.

■ 45. gr. Atkvæði skal meta ógilt:

- A. ef kjörseðill er auður,
- B. ef ekki verður séð við hvern lista er merkt,
- C. ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn,
- D. ef áletrun er á kjörseðli er fram yfir það sem fyrir er mælt eða ef seðillinn er auðkennanlegur,
- E. ef kjörseðill kemur ekki frá landskjörstjórn.

■ 46. gr. Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er hvernig það á að falla nema einn eða fleiri stafliðir 44. gr. eigi augljóslega við. Atkvæði skal gilt þó kross sé ekki réttur eða merktur t.d. utan fernings.

■ 47. gr. Verði ágreiningur um gildi kjörseðils kýs landskjörstjórn um ágreiningsseðla eftir talningu hvers kjördæmis. Fjöldi ógildra seðla og ástæður fyrir þeim skal skráð í kjörbók landskjörstjórnar.

■ 48. gr. Talin atkvæði fyrir hvern framboðslista í hverju kjördæmi skulu reiknuð í prósentum. Síðan skulu talin atkvæði á landsvísu eftir framboðslistum lögð saman og reiknuð í prósentum. Niðurstöður skulu skráðar jafnóðum í kjörbók landskjörstjórnar.

■ 49. gr. Skal þess gætt að samanlögð tala atkvæða passi við fjölda greiddra atkvæða í hverju kjördæmi, samkvæmt kjörbókum kjörstjórna.

■ 50. gr. Niðurstöðu kosninga skal ekki tilkynna fyrr en öllum kjörstöðum til alþingis hefur verið lokað þann 28. október.

■ 51. gr. Landskjörstjórn skal geyma öll kjörgögn eins lengi og þurfa þykir, tryggja frá óviðkomandi aðilum og síðar skal eyða þeim.

XI. kafli. Breytingar á lögum þessum og gildistaka.

■ 52. gr. Lög þessi skal endurskoða fyrir hverjar skuggakosningar og breyta eftir samræmi þeirra hverju sinni.

■ 53. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög fyrir stjórnir Landssamband ungmennafélaga og Samband íslenskra framhaldsskólanema og samþykkt 19. september 2016. Lög þessi voru endurskoðuð og samþykkt 21. september 2017.